



## **312. fundur Afrekssjóðs ÍSí**

### **Miðvikudagur 14. febrúar 2024 kl. 12.00**

#### **Mætt öll á Teams:**

Stjórn: Daníel Jakobsson (DJ) formaður, Guðrún Inga Sívertsen (GS), Þórey Edda Elísdóttir (PE), Knútur G. Hauksson (KH).

Aðrir: Kári Steinn Reynisson (KSR) sem ritaði fundargerð.

Gestur: Andri Stefánsson framkvæmdastjóri ÍSí. Andri yfirgaf fundinn kl. 12.20.

#### **1. Bréf til afrekssjóðs og framkvæmdastjórnar ÍSí.**

Nokkur bréf hafa borist stjórn Afrekssjóðs frá sérsamböndum eftir úthlutun.

#### **FSÍ – Fimleikasamband Íslands**

FSÍ sendi erindi móttækið þann 6. febrúar sl.

Óskað er eftir viðbótarúthlutun vegna lokamóts EM í hópímleikum og viðbótarúthlutun vegna þátttöku unglíngaliða á EM í hópímleikum. FSÍ bendir á að EM fullorðinna í hópímleikum, sem FSÍ sendir tvö lið á, stendur yfir í meira en 7 daga hjá báðum liðum. Einnig kom fram að Alþjóðlega Fimleikasambandið (FIG) hafi samþykkt á fundi sínum að heimila Evrópska Fimleikasambandinu að opna fyrir þátttöku annarra heimsálfa á EM sem yrði þá að óopinberu HM. Þá var bent á að FSÍ stefni á að senda bæði ungmennalið pílta og ungmennalið stúlkna á EM árið 2024.

Einnig að á EM er keppt í undankeppni fyrst og svo í úrslitum/lokamóti, náli lið tilskyldum árangri í undankeppninni.

Við úthlutun úr Afrekssjóði er ekki gerður greinarmunur á þátttöku í EM eða HM þegar litið er til styrkja vegna þátttöku í lokamótum. Jafnframt hefur stjórn Afrekssjóðs litið á mót sem haldin eru með undankeppni og svo úrslitum í kjölfarið, sem eitt mót. Þar sem ekki þarf að vinna sér þátttökurétt á fyrri hluta mótsins þar sem fáar þjóðir taka þátt, fellur mótið ekki undir skilgreiningu Afrekssjóðs um lokamót í hópíþrótt.

Í upprunalegri umsókn FSÍ um styrk til Afrekssjóðs vegna þátttöku ungmenna í stórmótum lágu upplýsingar um þátttöku ungmennaliðanna fyrir. Eingöngu hefur verið veittur einn styrkur vegna þátttöku ungmennaliða, óháð hversu mörg ungmennalið ná fullnægjandi árangri. Til að fá fullan styrk í þessum lið er gerð krafa um áunninn rétt á mótinu. Svo er ekki í tilfelli FSÍ og fær sambandið því hálfan styrk í ljósi frábærs árangur unglíngaliðsins sem vann til verðlauna á mótinu 2022.

**Í ljósi ofangreinds og til að gæta samræmis er ekki hægt að verða við erindinu.**

Rætt var að skoða mætti fyrir úthlutun 2025, þátttöku alþjóðasamtaka í kostnaði sérsambanda við stórmót. Hvort rétt væri að skerða styrki ef alþjóðasamtök væru að styrkja mótin líka.

Einnig hvort rétt væri að takmarka fjölda fylgdaraðila í alþjóðleg mót. Var það gert að einhverju leyti við úthlutun fyrir árið 2024.

Verður skoðað fyrir næstu úthlutun.

### **SKY – Skyldingasamband Íslands**

SKY sendi erindi sem var mótttekið þann 3. febrúar sl. með beiðni um endurskoðun á ákvörðun stjórnar Afrekssjóðs um úthlutun úr sjóðnum. Telur sambandið að taka eigi tillit til þess að skyldingakeppni sé bæði einstaklings- og liðakeppni og karlalandslið Íslands náði 12. sæti á EM árið 2023. Telur sambandið að ekki sé tekið tillit til þess árangurs.

Afrekssjóður hefur litið svo á að skyldingar séu einstaklingsíprótt og falli því ekki undir styrki til hópípróttu líkt og á við um ýmsar aðrar ípróttagreinar þar sem bæði er keppt sem einstaklingur og í hóp.

**Í ljósi ofangreinds og til að gæta samræmis er ekki hægt að verða við erindinu.**

### **GSÍ – Gólfamband Íslands**

GSÍ sendi erindi sem var mótttekið þann 5. febrúar þar sem óskað var eftir skýringu á mikilli lækun á úthlutun á milli ára. Skýringin er fyrst og fremst sú að nú á sambandið ekki afreksskyfinga með þátttökurétt á PGA mótarið kvenna líkt og náðist árin 2018 og 2019.

### **KSÍ – Knattspyrnusamband Íslands**

KSÍ sendi erindi sem var mótttekið þann 5. febrúar. Þar var óskað eftir því að framkvæmdastjórn ÍSÍ endurskoði ákvörðun sína um að KSÍ njóti ekki stuðnings Afrekssjóðs ÍSÍ með það í huga að nú sér verið að óska eftir viðbótarstuðningi í sjóðinn.

Þá er óskað eftir upplýsingum um hvernig ÍSÍ hyggist fylgjast með því “hvernig stuðningi er háttað til knattspyrnusambanda hjá þeim löndum sem við berum okkur jafnan saman við”.

Starfsmanni falið að svara erindinu í samræmi við umræður á fundinum.

## **2. Önnur mál**

Næsti fundur er áætlaður í mars.

Fundi slitið kl. 13.05.